

Fundur í skólaráði Glerárskóla mánudaginn 15. febrúar 2021 kl.15.

Mættir: Einar Gauti frá hverfisnefnd, Mikael Darri nemandi, Hólfríður og Inga Huld kennarar. Margrét foreldri, Brynja f.h. starfsmanna, Eyrún skólastjóri og Helga deildarstjóri sem ritar fundargerð

Dagskrá fundarins verður eftirfarandi (með fyrirvara um breytingar):

1. Svar frá Skipulagsráði v. óskar um aukið umferðaröryggi (sjá fylgiskjal 1)
Upplýsingar komu um að bréf sem sent var frá Glerárskóla til skipulagsráðs í nóvember hafi farið á flakk innan ráðhúss og því hafi það ekki verið tekið fyrir fyrr en í janúar. Áfram er stefnt á framkvæmdir en seinkanir orðið á þeim. Gert er ráð fyrir stofnstíg frá Vestursíðu niður alla Skarðshlíðina niður að Glerá og þar kemur brú yfir ána. Þangað til það gerist er möguleiki að mála gangbrautir við Höfðahlíð/Skarðshlíð. Má senda fyrirspurnir til Péturs hjá skipulagsráði. Rætt um að senda ítrekað tölvupóst til að ýta á þetta mál og fá tímasetningar á framkvæmdum. Margrét sagði að búið hefði verið að panta myndavél til að setja upp við Hörgárbraut en hún skemmdist og flutningi, von er á nýrri vél.
Æskilegt að fá hraðahindranir á Hörgárbrautina líka.
2. Bréf til Bæjarráðs - drög kynnt
Margrét hafði sent drög að bréfi til skólaráðs, þar sem farið er yfir framkvæmdir við húsnæði skólans og áformaða seinkun á þeim. Áætlað er að senda bréfið til bæjarráðs. Rætt var um bréfið og hvaða upplýsingar eigi að fara þar inn. Lesið var sameiginlega yfir bréfið og því breytt til betri vegar. Eyrún spurði hvort fólk væri sátt við þetta bréf sem svo var. Bréfið verður sett upp og síðan þurfa fulltrúar skólarás að skrifa undir. Það verður sent til bæjarráðs, UMSA, formanns fræðsluráðs og sviðsstjóra fræðslusviðs.
3. Skóladagatal 2021-2022
Verið er að vinna að skóladagatali fyrir næsta skólaárið 2021-2022 og fór Eyrún yfir það. Dagatalið hefur farið inn á öll stigin til umræðu. Foreldri spyr um skipulagsdag sem settur er 30. maí hvort hann megi ekki vera 27. maí sem er föstudagur eftir Uppstigningadag. Önnur spurning kom um foreldradaga og finnst Margrétu of stutt þar á milli. Bendir á að sleppa megi deginum í október eða hafa janúar dagana seinna.
Rætt um hvort framtíðin sé í rafrænum viðtölum eða val um þau framvegis. Jákvæð viðbrögð gagnvart því.
4. Árshátíð vs. sóttvarnarreglur
Sóttvarnarreglur sem gilda um grunnskólana gilda til 28.febr. Vitum ekki hvar við endum í því gagnvart sýningum á árshátíð í íþróttahúsi. Ef reglurnar breytast ekki verður þetta erfitt. Lagst verður yfir skipulagið eftir vetrarfrí. Glerárvision er á morgun og verður hún rafræn.
5. Önnur mál
Engin önnur mál komu upp á borð og því fundi slitið.

Fylgiskjal 1

Minnisblað Dagsetning: 26. janúar 2021 Efni: Framkvæmdir til að auka umferðaröryggi í nágrenni við Glerárskóla Málsnúmer: 2019010095 Höfundur: Pétur Ingi Haraldsson Ritað fyrir: Skipulagsráð

___ Í bréfi frá skólaráði Glerárskóla og hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis dagsett 25. nóvember 2021 er óskað eftir að farið verði tafarlaust í framkvæmdir sem bæjaryfirvöld samþykkti á síðasta ári til að auka umferðaröryggi og að auki að sett verði upp gangbraut á Skarðshlíð við Höfðahlíð. Staða mála sem skipulagsráð lagði til að farið yrði í á fundi 22. apríl 2020, sbr. minnisblað dagsett 16. apríl 2020, br. 21. apríl Framkvæmdir sem samþykkt var að fara í: 1. Bætt skiltun – verkefni lokið 2. Hraðavararskilti/ broskaril – verkefni lokið 3. Rauðljósa- og hraðamyndavél – uppsetning hafin en vélarnar ekki komnar í notkun. 4. Loka fyrir hjáleið frá Höfðahlíð inn á lóð N1 – verkefni ólokið en gert ráð fyrir að farið verði í

bráðbirgðaaðgerðir vorið 2021. 5. Endurstilling ljósatíma gönguljósa – verkefni lokið Framkvæmd sem unnið verði að smám saman: 6. Gróðursetning í miðdeili Hörgárbrautar – verkefni lokið Framkvæmdir sem samþykkt var að hefja undirbúning á: 7. Framlengja miðeyju og loka vinstribeygja að Stórholti – unnið er að gerð breytingar á deiliskipulag sem stefnt er að því að kynna á næstunni. 8. Fjarlægja göngupverun við hringtorg við Undirhlíð (sunnan megin) – Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvort að þetta sé skynsamleg ráðstöðun. Verður skoðað betur á næstunni. 9. Breyta göngupverun norðan hringtorgs við Undirhlíð – Verkefni ekki hafið Í bréfinu er einnig ítrekuð ósk um gangbraut á Skarðshlíð við Höfðahlíð en sú aðgerð var ekki hluti af framkvæmdum sem fjallað var um í skipulagsráði í apríl á síðasta ári. Um þá aðgerð má segja að undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að skoða umferðaröryggismál fyrir Skarðshlíð og Höfðahlíð og hafa verið unnin drög að úrbótum fyrir báðar göturnar. Samkvæmt nýju stígaskipulagi sem var staðfest af Skipulagsstofnun um miðjan janúar er gert ráð fyrir að nýr stofnstígur liggi um Skarðshlíð frá Glerá í suðri allt norður að Litluhlíð og þaðan áfram að Austursíðu. Ekki er búið að hanna þennan stíg en ljóst er að útfærsla hans mun hafa veruleg áhrif á götuna og þar með talið gatnamót Höfðahlíðar og Skarðshlíðar. Í því ljósi var ákveðið að bíða með framkvæmdir á þessum stað þar til hönnun stofnstígarins lægi fyrir og í staðin hefur áherslan verið á hönnun og útfærslu aðgerða vestan við Glerárskóla, á Skarðshlíð frá Borgarbraut að Sunnuhlíð og á Höfðahlíð frá Skarðshlíð að Glerárskóla. Skoðað verður í vor hvort að útbúa eigi tímabundna gangbraut á Skarðshlíð vorið 2021. Verið er að vinna að samkomulagi við Vegagerðina um hönnun og framkvæmdir við stofnstíginn og á næstu mánuðum mun skýrast nánar hvernig staðið verður að áfangaskiptingu framkvæmda og tímasetningu þeirra. Markmiðið er að hægt verði að hefja fyrstu framkvæmdir árið 2022 og miðað við núverandi áætlanir er gert ráð fyrir að Skarðshlíðin verði framfarlega í röðinni.